

Formáli ritstjóra

Á tímum heimsfaraldurs er mikilvægt að lífið gangi sinn vanagang, að svo miklu leyti sem það er mögulegt. Væntingar eru gerðar til háskóla um að halda skólastarfinu gangandi þótt sóttvarnareglur leyfi í mesta lagi tíu manns að koma saman, auk þess að kveða á um grímu-notkun og að gætt sé tveggja metra fjarlægðartakmarka. Vegna þessa hafa miklar kröfur verið gerðar til bæði nemenda og kennara og fólk hefur þurft að aðlagast áður óþekktum aðstæðum og tileinka sér nýjar tæknilausnir á mjög skömmum tíma. Með elju og dugnaði, og ekki síst samstöðu og seiglu, hefur á árinu 2020 tekist að ljúka tveimur önnum við þessar fordæmalaus aðstæður. Slíkt er ekki sjálfsagt mál.

Þótt unnt hafi verið að sinna kennslu með hjálp tækninnar er erfiðara að átta sig á þeim áhrifum sem faraldurinn hefur haft á rannsóknarvinnu akademískra starfsmanna. Í skýrslu sem kom út um miðjan desember á vegum alþjóðlega útgáfufélagsins DeGruyter, eru birtar niðurstöður rannsóknar sem byggðist á viðtölum við stóran hóp úr röðum háskólafólks í maí og október sl. Í rannsókninni voru áhrif faraldursins á rannsóknarvirkni skoðuð og í niðurstöðunum kemur fram sterk vísbending um að faraldurinn hafi haft neikvæð áhrif á vinnuumhverfi og þar af leiðandi virkni fræðifólks. Ástæðurnar eru aðallega þrjár. Í fyrsta lagi eru forsendur samstarfs víða brostnar og í öðru lagi hefur gríðarlegt álag fylgt því að þurft hefur að flytja kennslu á netið og leiðbeina nemendum á þann hátt. Þriðja ástæðan er sú að starfsfólk hefur þurft að taka vinnuna inn á heimili sín og það hefur haft í för með sér óskýr mörk á milli vinnu og hefðbundinna heimilisstarfa.¹ Ennþá er of snemmt að segja til um hver hin raunverulegu áhrif faraldursins á vinnuumhverfi og virkni fræðifólks eru á tímum heimsfaraldurs, þar sem við búum ennþá við strangar takmarkanir vegna hans. Á meðan hljótum við að gera hvað við getum til þess að tryggja það að lífið haldi áfram sinn vanagang þó að enn sé eitthvað í að það komist í eðlilegan farveg.

Í ljósi þess ástands sem við höfum búið við síðustu níu mánuði, er það sérstakt ánægjuefni að fá að kynna útgáfu 51. heftis *Ritröð Guðfræðistofnunar*. Ég fagna því líka að með útgáfu þessa heftis er tekin í notkun ný heimasíða *Ritröðarinnar* en hún mun auðvelda lesendum aðgang að útgefnu efni. Að þessu sinni eru greinarnar í heftinu allar skrifaðar af föstum kennurum Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar. Auk þessara greina, er í heftinu merk skýrsla eftir Halldór Elías Guðmundsson djákna sem fjallar um stöðu djákna innan íslensku þjóðkirkjunnar, en menntun djáknakandidata hefur farið fram í Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands síðan 1993. Fyrstu kandidatairnir brautskráðust vorið 1995, sem sé fyrir 25 árum, og það gefur tilefni til að skoða hvernig mál hafa þróast og jafnframt leggja mat á stöðuna eins og hún er í dag. Þessi skýrsla er dýrmætt innlegg inn í endurskoðun á djáknanáminu sem nú stendur yfir og sér bráðum fyrir endann á. Að lokum er að finna fyrirlestur þar sem Sigurður Árni Þórðarson, sóknarprestur í Hallgrímskirkju, fjallar hann um konur og vatn í ljósi sögunnar af samtali Jesú og samversku konunnar við brunninn í

¹ *Locked Down, Burned Out: Publishing in a Pandemic — The Impact of Covid on Academic Authors*, Berlín: De Gruyter, 2020, bls. 4. Sótt 21. desember 2020 af

<https://image.newsletter.degruyter.com/lib/fe4015707564067f741479/m/4/e464d819-8520-4b4a-a4fb-a710c91d098b.pdf>.

fjórða kafla Jóhannesarguðspjalls. Staða kvenna víða um heim er mjög tengd því að afla vatns og skiptir aðgengi að vatni þær því miklu máli. Í fyrirlestrinum varpar Sigurður Árni fersku ljósi á söguna út frá stöðu kvenna í samfélagi sem stjórnað er af körlum, fyrr og síðar.

Í grein sem ber yfirskriftina „Sáttmáli, tilbeiðsla og samfélag: Um brúarsmíði í biblíulegri guðfræði Þóris Kr. Þórðarsonar“ fjallar Gunnlaugur A. Jónsson um helstu áhersluatriði í guðfræði forvera síns í starfi prófessors í gamlatestamentisfræðum. Árið 2020 er liðinn aldarfjórðungur síðan dr. Þórir Kr. Þórðarson lést. Á löngum kennsluferli, sem spannaði fjóra áratugi, hafði Þórir mótandi áhrif á heila kynslóð íslenskra guðfræðinga. Í fræðum sínum lagði Þórir sérstaka áherslu á mikilvægi fræðigreinarinnar guðfræði Gamla testamentisins en einnig á nauðsyn þess að leitast við að heimfæra hina fornu texta inn í samtímann hverju sinni. Í greininni fer Gunnlaugur yfir helstu áhersluatriði í guðfræði Þóris, sem og helstu áhrifavalda í lífi hans sem fræðimanns, bæði íslenska trúarleiðtoga og erlenda fræðimenn sem hann kynntist á námsárum sínum í Danmörku og Svíþjóð en einnig í doktorsnámi sínu við háskólann í Chicago.

Hjalti Hugason fjallar í grein sinni um forvitnilega nýbreytni í greftrunarsíðum Íslendinga sem ruddi sér til rúms undir lok níttjándu aldar, þegar bændur fóru að sækjast eftir því að fá heimild yfirvalda fyrir sérstökum heimagrafreitum á bújörðum sínum þar sem þeir sjálfir og nánustu ættingjar þeirra fengju að hvíla. Að mati Hjalta er hér um að ræða athyglisvert trúarlegt, menningarlegt og félagssögulegt fyrirbæri vegna þess hversu útbreitt þetta varð, en var á sama tíma á skjön við hina kristnu greftrunarhefð. Í greininni er lögð áhersla á að fá yfirsýn yfir þessa nýbreytni á grundvelli áður ókannaðra skjallegra heimilda. Hjalti rekur einnig afstöðu yfirvalda, bæði kirkjulegra og veraldlegra, til heimagrafreitanna og bendir á að þótt veraldleg yfirvöld styddu bændur sem vildu koma sér upp heimagrafreitum var íslenska þjóðkirkjan, með biskupa sína í broddi fylkingar, á öndverðum meiði. Upptaka heimagrafreita var að lokum bönnuð með nýjum lögum um kirkjugarða snemma á 7. áratug síðustu aldar þó að ennþá sé fólk jarðsett í heimagrafreitum sem þegar eru til.

„Hinn stóiski Jesús“ er til umfjöllunar í grein Rúnars Más Þorsteinssonar, þar sem hann rannsakar heimspekileg stef í persónusköpun samstofna guðspjallanna. Í rannsókn sinni gengur Rúnar út frá því að í guðspjöllum Nýja testamentisins sé persónusköpun beitt í ríkum mæli og bendir niðurstaða hans til þess að guðspjallamennirnir hafi að mörgu leyti viljað kynna „stóiskan Jesú“ fyrir lesendum sínum, þó að svo hafi verið í mismiklum mæli. Í greininni leitast Rúnar við að svara eftirfarandi spurningum: Hvað einkenndi hinn stóíska vitring? Hversu „stóiskur“ er Jesús í guðspjöllunum og hvað felur það í sér? Er munur á guðspjöllunum að þessu leyti? Rúnar tekur fyrir tvö meginstef í leit að svörum við spurningum sínum, annars vegar þá áherslu sem er að finna hjá heimspekingum, einkum stóumönnum, að viðkomandi málstaður eða lífsstefna sé fjölskyldutengslum æðri, og hins vegar hin útbreidda ímynd í grísk-rómversku samfélagi af fullkominni sjálfstjórn hins vitra manns.

„Trans Jesús“ er í fókus í grein Sólveigar Önnu Bóasdóttur „Kynusli í kirkjunni: Hinsegin samhengi, mannréttindi og trans Jesús“. Sólveig Anna skiptir greininni í þrjá meginkafla. Í fyrsta kaflanum fjallar hún um umdeilda myndbirtingu af trans Jesú, sem notuð var í kynningarefni frá fræðsludeild íslensku þjóðkirkjunnar á umliðnu hausti. Umfjöllunina fléttar Sólveig Anna saman við gagnrýni á gagnstæðukynjahyggju sem hún segir liggja til grundvallar kristnum skilningi á kynferði, kynhneigð og kynvitund. Í öðrum hluta greinarinnar er umfjöllunarefnið félagslegt samhengi myndbirtingarinnar í ljósi mannréttindabaráttu hins-egin fólks og nýlegra íslenskra laga um kynrænt sjálfræði. Í þriðja og síðasta hlutanum greinir Sólveig Anna viðbrögð tveggja íslenskra guðfræðinga og fræðimanna við myndinni og

tengir þau hinsegin samhenginu og einnig þeirri áherslu sem er að finna innan kristinnar orðræðu okkar tíma um mikilvægi hins félagslega samhengis fyrir mótun og framsetningu guðfræðinnar.

Ég óska lesendum *Ritvæðarinnar* gleðilegrar jólahátíðar og alls góðs á nýju ári.
Njótið heil!

Arnfríður Guðmundsdóttir